

Ályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Stjórnueggja hf.

Ályktun

Við höfum yfirfarið meðfylgjandi grænt bókhald Stjórnueggja hf. fyrir árið 2023. Byggt á þeim aðgerðum, sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Stjórnueggja hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi kröfur reglugerðar nr. 851/2002.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. í þeim tilgangi að gefa ályktun um takmarkaða vissu á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjórnueggja hf. fyrir árið 2023 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3410 sem á við um staðfestingarvinnu á grænu bókhaldi. Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum “Ábyrgð endurskoðanda” í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Stjórnuegg hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQM 1 og í samræmi við það er alhliða kerfi gæðaeftirlits viðhaldið, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Stjórnuegg hf. um grænt bókhald fyrir árið 2023 en þær sem að ofan greinir. Ályktun nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Stjórnuegg hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Stjórnuegg hf. sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Enn fremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Stjórnuegg hf. þannig að grænt bókhald félagsins sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.


Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fái um að grænt bókhald Stjórnueggja hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar víska.

Skekkiur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef þær eru, bæði að hluta og í heild, taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notanda skýrslunnar byggða á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðrétta mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík 31. maí 2024



Magnús Mar Vignisson
Löggiltur endurskoðandi